

## Nova Klúbburinn birtir uppgjör fyrsta ársfjórðungs

### Helstu niðurstöður á fyrsta ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.195 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2023 samanborið við 2.972 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári sem skilar 7,5% heildar tekjuvexti á fjórðungnum á milli ára.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.378 m.kr. og vaxa um 213 m.kr. sem er 9,9% vöxtur á milli ára. Vörusölu tekjur námu samtals 491 m.kr. og dragast saman um 23 m.kr. sem er 4,6% lækkun á milli ára.
- EBITDA nam 949 m.kr. samanborið við 816 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 16,4% á milli ára, EBITDA hlutfallið var 29,7% á fjórðungnum samanborið við 27,5% á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 437 m.kr. samanborið við 346 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 26,4% milli ára.
- Hagnaður tímabilsins var 159 m.kr. og hækkar um 77% á milli ára.
- Veltufé frá rekstri á fjórðungnum er 949 m.kr. samanborið við 816 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.
- Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir í lok tímabilsins námu samtals 11.768 m.kr. í lok tímabilsins og hækka um 276 m.kr. frá áramótum.
- Heildarfjárfestingar á fyrsta ársfjórðungi námu 445 m.kr og er uppbygging 5G samkvæmt áætlun.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,3% í lok fjórðungsins og eigið fé nam 9.213 m.kr.

### Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:


„Rekstrarniðurstaða fyrsta ársfjórðungs er samkvæmt okkar áætlun og dansinn er taktfastur. Á fyrsta ársfjórðungi endurnýjaði Nova tíðniheimildir til 20 ára sem eru nýttar fyrir 4G og 5G þjónustu. Raufarhöfn, Þórshöfn og Vopnafjörður voru tengd 5G og er uppbygging samkvæmt áætlun. Gert er ráð fyrir að öll bæjarfélög með yfir 500 íbúa séu tengd 5G í lok þriðja ársfjórðungs en Nova hefur verið fremst í uppbyggingu 5G á Íslandi og er í dag með stærsta 5G þjónustusvæðið. Viðskiptavinum Nova fjölgar og ánægja eykst en við trúum að með því að við höldum áfram að skora á okkur og markaðinn tryggjum við áframhaldandi velgengni inn í framtíðina. Fyrir sumarið kynnum við nú ódýrari og einfaldari þjónustu á ferðalögum erlendis. Með því að einfalda vöruna og lækka verðið viljum við auka enn frekar á ánægju viðskiptavina og standa við loforðið um að viðskiptavinir okkar fái alltaf mest fyrir peninginn hjá Nova, alltaf.“

**Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu þremur mánuðum ársins:**

**Tekjur**

	1F 2023	1F 2022	Breyting	%
FlakkNet	1.503	1.367	135	9,9%
FastNet	875	797	78	9,8%
Vörusala	468	491	-23	-4,6%
Aðrar tekjur	348	316	32	10,1%
<b>Heildar rekstrartekjur</b>	<b>3.195</b>	<b>2.972</b>	<b>223</b>	<b>7,5%</b>

Heildartekjur á fyrstu þremur mánuðum ársins hækkuðu um 7,5% frá fyrra ári og námu samtals 3.195 m.kr. Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 2.378 m.kr. og vaxa um samtals 213 m.kr. sem er 9,9% vöxtur á milli ára. Þessi vöxtur skýrist fyrst og fremst af áframhaldandi fjölgun viðskiptavina bæði í farsíma- og netþjónustu sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Vörusölutekjur námu samtals 491 m.kr. og dragast saman um 23 m.kr. sem er 4,6% lækkun á milli ára. Aðrar tekjur nema samtals 316 m.kr. á árinu og vaxa um 32 m.kr. sem er 10,1% hækkun á milli ára, sem kemur til vegna ýmissa liða svo sem auknum tekjum af samrekstri.



Nánari skýringar um tekjuflokka má finna aftast í þessu skjali.

## Rekstrarreikningur

	1F 2023	1F 2022	Breyting	%
<b>Heildar rekstrartekjur</b>	<b>3.195</b>	<b>2.972</b>	<b>223</b>	<b>7,5%</b>
Kostnaðarverð seldra vara	1.555	1.514	41	2,7%
Laun og launatengd gjöld	468	427	41	9,7%
Annar rekstrarkostnaður	223	216	7	3,3%
<b>Heildar rekstrargjöld</b>	<b>2.245</b>	<b>2.156</b>	<b>89</b>	<b>4,1%</b>
<b>EBITDA</b>	<b>949</b>	<b>816</b>	<b>134</b>	<b>16,4%</b>
EBITDA%	29,7%	27,5%	2,3%	8,3%
Afskriftir	(-512)	(-470)	-42	9,0%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>437</b>	<b>346</b>	<b>91</b>	<b>26,4%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(-238)	(-231)	-7	2,9%
Tekjuskattur	(-39)	(-24)	-15	62,6%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>159</b>	<b>90</b>	<b>69</b>	<b>77,0%</b>

Heildar rekstrargjöld nema samtals 2.245 m.kr. og hækka um 4,1% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 1.555 m.kr. og hækkar um 41 m.kr. á milli ára. Sú hækkan skýrist helst af hækkan þjónustukostnaðar á milli ára vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld nema samtals 468 m.kr. og hækka um 41 m.kr. sem nemur 9,7% og skýrist sú hækkan af almennum launahækkunum á milli ára. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 223 m.kr. og hækkar um 7 m.kr. sem nemur 3,3%. Sú hækkan skýrist af almennum hækkunum verðlags sem og nýjum kostnaðarliðum vegna skráningar félagsins á aðalmarkað í júní sl. Á sama tímabili á fyrra ári voru einskíptisliðir vegna sölu hlutafjár og skráningar félagsins á aðalmarkað að upphæð 26 m.kr. gjaldfærðar undir öðrum rekstrarkostnaði.

EBITDA hækkaði um 16,4% frá fyrra ári og nam samtals 949 m.kr. á tímabilinu. EBITDA hlutfall tímabilsins er 29,7% samanborið við 27,5% á sama tímabili á fyrra ári.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 26,4% og nam samtals 437 m.kr. samanborið við 346 m.kr. á fyrra ári. Hagnaður ársins var 159 milljónir og hækkar um 69 milljónir frá fyrra ári sem nemur 77% hækkan.

## Efnahagur

Fastafjármunir félagsins námu 20.254 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.989 m.kr. um áramót. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lítillega vegna nýrra viðbóta og áhrifa vísitöluhækkana umfram afskriftir.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.608 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.782 m.kr. um áramót. Hærri birgðastaða milli ára tengist tímabundnum hreyfingum og er áætlað að hún lækki aftur seinna á árinu.

Eigið fé félagsins nam 9.213 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.053 m.kr. um áramót. Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,3% í lok tímabilsins samanborið við 39,8% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.412 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.138 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lítillega með nýjum viðbótum umfram afborganir.

Skammtímaskuldir félagsins námu 2.255 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.580 m.kr. um áramót.

	31.3.2023	31.12.2022
Viðskiptavild	10.049	10.049
Óefnislegar eignir	1.584	1.637
Rekstrarfjármunir	3.911	3.863
Leigueignir	4.312	4.060
Aðrar eignir	3	3
Tekjuskattsinneign	396	378
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>20.254</b>	<b>19.989</b>
Birgðir	558	411
Viðskiptakröfur	1.172	1.145
Aðrar skammtímakröfur	579	562
Handbært fé	300	665
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2.608</b>	<b>2.782</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>22.862</b>	<b>22.772</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>9.213</b>	<b>9.053</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.275	2.304
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Leiguskuldbindingar	6.302	6.039
Aðrar skuldir	2.835	2.795
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.412</b>	<b>11.138</b>
Næsta árs afb. langtímaskulda	129	129
Viðskiptaskuldir	796	947
Ógreiddir skattar	14	254
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	226	224
Aðrar skammtímaskuldir	1.073	1.026
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.237</b>	<b>2.580</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>13.650</b>	<b>13.718</b>

## Sjóðstreymi

	1F 2023	1F 2022
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>949</b>	<b>816</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-345)	(-346)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-181)	(-196)
Greiddir skattar	(-254)	(-42)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>169</b>	<b>232</b>
Fjárfesting í rekstrarfjárumunum	(-375)	(-218)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-69)	(-75)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>(-445)</b>	<b>(-293)</b>
Afborgun leiguskuldbindinga	(-49)	(-36)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-11)	(-10)
Afborganir langtímalána	(-33)	(-1.180)
<b>Fjármögnunahreyfingar</b>	<b>(-93)</b>	<b>(-1.226)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-369)	(-1.287)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	4	0
Handbært fé í upphafi tímabilsins	665	2.179
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>300</b>	<b>892</b>

Veltufé frá rekstri nam 949 m.kr. á tímabilinu samanborið við 816 m.kr. á fyrra ári. Handbært fé frá rekstri er 169 m.kr. og lækkar frá 232 m.kr. á fyrra ári, lækkunin skýrist af hærri greiddum sköttum á tímabilinu miðað við fyrra ár. Sú hækkun er komin til vegna hárrar álagningar á þessu ári sem reiknast út frá hagnaði ársins 2021 sem var sérstaklega há vegna sölu óvirkra innviða. Félagið vinnur að því að skila inn framtali síðasta árs og gerir ráð fyrir að greiddur tekjuskattur leiðréttist til lækkunar í samræmi við hagnað síðasta árs og sé því nú að fullu greiddur. Fjárfestingahreyfingar námu 445 m.kr. samanborið við 293 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar eru í línu við áætlanir þessa árs og áfram gert ráð fyrir þær verði um 14%-15% af heildartekjum ársins. Fjármögnunahreyfingar eru 93 m.kr. á tímabilinu samanborið við 1.226 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrsta ársfjórðung síðasta árs voru greiddar 1.100 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir til viðbótar við samningsbundnar greiðslur.

## Horfur fyrir árið 2023

Spá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.700 m.kr. til 4.100 m.kr. Áætlað er að heildar fjárfestingar verði um það bil 14%-15% af heildartekjum.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Þyngjan mun fjalla um uppgjörið og fara yfir þær spurningar sem brenna á fjárfestum og hluthöfum. Námskeið á vegum Akadémíás í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef félagsins <https://www.nova.is/baksvids/dagatal>

Á fjárfestavef Nova <https://www.nova.is/baksvids/fjarfestar> geta hluthafar, fjárfestar og talnanörddar nálgast ítarlegri upplýsingar um blómlega businessinn hjá Nova í sögulegu samhengi!

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fréttir sendar beint á netfangið sitt. Hægt er að senda inn spurningar á [fjarfestatengsl@nova.is](mailto:fjarfestatengsl@nova.is) en einnig er hægt að óska eftir fundi.

## Fjárhagsdagatal 2023

Uppgjörspartý: Árshlutauppgjör 2F 2023	24. ágúst 2023
Árshlutauppgjör 3F 2023	26. október 2023
Uppgjörspartý: Ársuppgjör 2023	27. febrúar 2024
Aðalfundur 2024	21. mars 2024

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, [margret@nova.is](mailto:margret@nova.is), s. 770 1070  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090.

## Tekjuflokkar

FlakkNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.
FastNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.
Vörusala	Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.
Aðrar tekjur	Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.